



# Skólanámskrá Bjarkalundar 2024



---

## **Formáli**

Skólanámskrá Bjarkalundar hefur verið í mótun og vinnslu frá opnun leikskólans 2016. Fyrstu starfsár leikskólans fóru í mótun starfshátta og finna sameiginlegan takt með starfsfólki leikskólans. Vinna að skólanámskránni fór fyrir alvöru af stað haustið 2019 en stuttu eftir að sú vinna fór í gang skall heimsfaraldurinn covid-19 á og settum við þá vinnu að skólanámskránni aðeins til hliðar. Allt starfsfólk leikskólans hefur komið að vinnu og mótun skólanámskrárinnar að einhverju leyti. Hópavinna fór fram á skipulögðum fundum og skipulagsdögum þar sem unnið var með hvern kafla í aðalnámskrá. Þannig hafði starfsfólkið áhrif á vinnslu námskrárinnar og lagði sitt af mörkum við mótun hennar. Stjórnendateymi leikskólans tók svo að sér klára skólanámskrána út frá hugmyndum starfsmanna.

Skólanámskrá skal endurskoða reglulega og vera leiðarvísir skólans. Þar sem starfshættir leikskóla eru síbreytilegir þarf skólanámskráin að vera í sífelldri þróun og taka breytingum í takt við samfélagið og stefnu leikskólans.

Fyrir hönd starfsfólks Bjarkalundar sem vann að skólanámskránni

---

**Telma Ýr Friðriksdóttir leikskólastjóri**

---

## Efnisyfirlit

<b>FORMÁLI</b>	<b>1</b>
<b>1 INNGANGUR</b>	<b>4</b>
<b>2 LEIKSKÓLINN BJARKALUNDUR</b>	<b>5</b>
2.1 Starfsfólk leikskóla	5
2.2 Hlutverk leikskólastjóra	5
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna	6
<b>3 STEFNA LEIKSKÓLANS OG HUGMYNDAFRÆÐI</b>	<b>7</b>
3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins	7
3.2 Kennsluhættir leikskólans	8
3.3.2 Sérfræðiþjónusta	9
3.3.1 Brúin	10
3.4 Snemmtæk íhlutun	10
<b>4 GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR</b>	<b>11</b>
4.1 Læsi	11
4.1.1 læsi í leikskólastarfinu	12
4.2 Sjálfbærni	12
4.2.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu	13
4.3 Heilbrigði og velferð	13
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu	13
4.4 Lýðræði og mannréttindi	14
4.4.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu	14
4.4.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	14
4.5 Sköpun	15
4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi	16
<b>5. SAMPÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF</b>	<b>16</b>
<b>6 SUMARSTARF</b>	<b>17</b>
<b>7 FJÖLSKYLDAN, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG LEIKSKÓLINN</b>	<b>18</b>

---

<b>7.1 Foreldrasamtöl</b>	<b>18</b>
<b>7.2 Samskipti heimilis og skóla</b>	<b>18</b>
<b>7.3 Aðlögun</b>	<b>18</b>
<b>7.4 Foreldraráð – Foreldrafélag</b>	<b>19</b>
<b>8 TENGL SKÓLASTIGA OG TENGL VIÐ NÆRUMHVERFIÐ</b>	<b>19</b>
<b>9 MAT OG EFTIRLIT</b>	<b>20</b>
<b>9.1 Ytra mat á leikskólastarfi</b>	<b>20</b>
<b>9.2 Innra mat á leikskólastarfi</b>	<b>20</b>
9.2.1 Mat barna	20
9.2.2 Mat starfsmanna leikskólanna	21
9.2.3 Mat foreldra	21
<b>HEIMILDASKRÁ</b>	<b>22</b>

---

## 1 Inngangur

Samkvæmt lögum 90/2008 skulu leikskólar gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar (lög um leikskóla 90/2008). Í lögnum segir: Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags (Lög um leikskóla, 14. gr. 90/2008).

Skólanámskrá er unnin með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla, menntastefnu sveitarfélags, stefnu skólans og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

---

## 2 Leikskólinn Bjarkalundur

Leikskólinn Bjarkalundur hóf starfsemi sína 8. ágúst 2016 og er rekinn af Hafnarfjarðarbæ. Skólinn er til húsa að Bjarkavöllum 3 og er húsnæðið 951,8 fm<sup>2</sup>.

Deildir leikskólans eru fjórar og skiptist skólinn í eldri og yngri gang. Á yngri gangi eru deildirnar Mói og Mosi. Á eldri gangi eru Hella og Hraun. Í miðrymi skólans eru skrifstofur, sérkennslurými, eldhús og starfsmannaaðstaða. Hjartað í húsinu er matstofan okkar sem er einnig notuð sem íþróttasalur.

Leikskólinn lítur til starfsaðferða Reggio Emilia, þar sem litið er á barnið sem hæfan einstakling með möguleika og getu til að efla eigin þekkingu. Til að vinna með hæfileika og styrkleika barnanna er áhersla á lýðræði, samræðu, sjálfstyrkingu og þekkingaleit. Gildi leikskólans eru samvinna, virðing og umhyggja. Þær reglur sem gilda innan skólans byggjast á þessum gildum og eiga þau þannig að endurspeglast í skólastarfinu. Áhersla er lögð á, að í samskiptum við börn séu gildin samvinna, virðing og umhyggja höfð að leiðarljósi.

### 2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi byggir á mannauði leikskólans. Starfsfólk leikskóla ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Starfsfólk skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að veita börnunum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóa hugsun (Aðalnámskrá, 2011). Starfsmannafjöldi miðast við samsetningu barnahópsins ár hvert.

### 2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber honum að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og aðrar áherslur er Mennta og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar leggur til. Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð og hag barna og foreldra þeirra að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í

---

þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skal fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins 52.gr barnalaga , nr. 76/2003. Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf innan leikskólans og stuðla að lærdómssamfélagi þar sem faglegt starf leikskólans er reglulega ígrundað og þróað. Að auki á leikskólastjóri að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra ber að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu og ársáætlun. Að lokum ber leikskólastjóra að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins (Lög um leikskóla 2008/90 og Aðalnámskrá leikskóla 2011).

### **2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna**

Leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla ber að rækta starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Í starfi sínu ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki fyrst og fremst að styðja við nám barna og gæta að öryggi þeirra og velferð. Leikskólakennarar eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Leikskólakennarar skulu vinna af fagmennsku, þróa hana reglulega og dýpka faglega þekkingu sína með því að fylgjast með nýjustu stefnum og straumum á sviði menntavísinda.

Leikskólakennurum ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Allt starfsfólk leikskólans á að koma fram við börnin af virðingu, taka tillit til þarfa þeirra og hlusta á þau. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og Barnasáttmálans og tileinka sér þá sýn sem sett er þar fram til barna og hvernig þau tileinka sér að læra.

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats leikskólans. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fara eftir stefnu skólans og fylgja settum reglum. Starfsfólk leikskóla vinnur í samstarfi við foreldra og forráðamenn barna og situr starfsmanna- og foreldrafundi sem haldnir eru, eftir því sem við á. Starfsfólk er bundið trúnaði, sem helst þó látið sé af starfi.

---

## 3 Stefna leikskólans og hugmyndafræði

### 3.1 Leiðarljós leikskólastarfsins

Starfsaðferðir í leikskólanum byggja einna helst á gildum skólans sem eru samvinna, virðing og umhyggja. Gildin eiga að endurspeglar allt starf leikskólans, meðal starfsfólks, barna og foreldra.

Til að mæta þörfum barnanna vinnum við með sveigjanlegt dagskipulag og námskrá. Við teljum að námskráin mótist af því samfélagi sem er í skólanum hverju sinni. Með breyttum hópi kennara og barna koma breyttar áherslur. Því tekur námskráin sífelldum breytingum og verður að vera í stöðugri endurskoðun og mati. Heilt yfir er dagskipulag deilda að mestu það sama sem inniheldur hópastarf, stöðvavinnu, íþróttir, útiveru, listir, matartíma og hvíld, en tímasetningar eru ekki endilega þær sömu milli deilda, t.d. borða yngri börnin fyrr en þau eldri og o.s.frv. Það er ýmislegt sem hefur áhrif á dagskipulagið okkar og við skipuleggjum daginn út frá þörfum barnanna, veðri og starfsfólki. Dagskipulag og dagskrá í leikskólanum okkar getur breyst dag frá degi. Í Bjarkalundi leitast starfsfólk við að vera sveigjanleg og leggur sig fram við að veita börnum sem flest námstækifæri dag hvern.

Í starfi leikskólans er litið til starfsaðferða Reggio Emilia og má sjá áhrif þeirra í sumum þáttum innan skólastarfsins. Það sem einkennir starfshætti Reggio, er áhersla á umhyggju og virðingu við börn, samstarfsfólk, foreldra og alla þá sem koma að leikskólastarfinu. Í starfsháttum Reggio er leitast við að horfa á hvert barn sem hæfan einstakling sem fær tækifæri til þess að læra í gegnum leik með því að kanna og rannsaka þau viðfangsefni sem lögð eru fyrir hverju sinni á sínum forsendum. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, að börnin fái verkefni við hæfi sem eru til þess fallin að efla getu þeirra. Samvinna og samræður er mikilvægur þáttur í öllu okkar starfi. Viðfangsefni sem lögð eru fyrir börnin eru oft á tíðum sprottin upp frá hugmyndum barnanna. Í Reggio er talað um umhverfið sem þriðja kennarann þar sem börnin læra af kennurum, öðrum börnum og umhverfinu. Mikilvægt er að hafa umhverfið skapandi og við hæfi barnahópsins hverju sinni

Kennarar Bjarkalundar skipuleggja starfið og leikstundir út frá þroska og getu barnanna og velja efnivið við hæfi hverju sinni. Góður kennari les í barnahópinn, finnur verkefni við hæfi og undirbýr viðfangsefni vel hvort sem er í hópastarfi eða stöðvavinnu.



---

Pegar kennari leggur fram verkefni sem hentar barnahópnum, mæta honum glaðari börn sem una sér vel í leik og starfi.

Í leikskólanum er ReMida sem við höfum sett upp. ReMida sem er efnisveita fyrir endurnýtanlegan efnivið sem er skilvirkilega flokkaður eftir flokkunarkerfi. Efniviðinn fáum við frá starfsfólki, foreldrum og fyrirtækjum. Efniviðurinn er ætlaður til skapandi vinnu með börnunum.

Ein helsta sérstaða Bjarkalundar er matstofan okkar en þar borða börnin allar máltíðir dagsins. Hugmyndafræði matstofunnar er að börnin hafi áhrif á hvað þau velja sér að borða, hvar þau sitja og hversu löngum tíma þau verja til að matast. Í matstofunni er lögð áhersla á sjálfstæði barna og lýðræði í barnahópnum. Börnin velja sér sjálf sæti, nema allra yngstu börnin sem þurfa að vera í beislum eða sitja á lágum stólum (börn á Móa). Börnin mynda röð við hlaðborðið og skammta sér sjálf á diskana þann mat og meðlæti sem þau kjósa. Við hvetjum börnin til þess að skammta sér í hófi og smakka allan mat en neyðum þau ekki til þess að skammta sér eða borða mat sem þau vilja ekki.

### **3.2 Kennsluhættir leikskólans**

Í Bjarkalundi vinnum við að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Við leggjum áherslu á að hafa umhverfið skapandi og við hæfi barnahópsins hverju sinni og bjóðum efnivið sem hentar aldri þeirra, þroska og áhuga. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku barnanna í lýðræðissamfélagi innan skólans.

Mikilvægt er að börn öðlist færni í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Í Bjarkalundi kennum við þeim markvisst reglur sem gilda á ákveðnum svæðum og í mismunandi aðstæðum. Lögð hefur verið áhersla á SMT skólafærni hjá eldri börnunum en notaðar hafa verið boðskiptareglur Bínu með þeim yngri.

Börn læra og þroskast hvað mest í gegnum leik og leggjum við áherslu á að leikurinn fái að njóta sín og sé í hávegum hafður. Leikurinn fær að gegna stóru hlutverki í dagskipulagi leikskólans. Leikur yngri barna einkennist einna helst af því að þau fylgjast hvort með öðru, herma eftir, elta hvort annað og hafa samskipti með hljóðum.

---

Samskipti eldri barna í leik einkennist meira af því að þau tala saman, skiptast á, taka ákvarðanir í sameiningu og læra að hlusta á skoðanir annara og takast á (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024). Hlutverk kennara í leik barna er að styðja við þau, kenna þeim góð samskipti og leiðbeina þegar upp koma árekstrar. Skráningar í leik barna er góð leið til þess að fylgjast með ferli barnanna og spilar það stórt hlutverk í leikskólastarfi Bjarkalundar. Skráningar hafa verið mikilvægur hluti af starfi kennara, þar sem þeir fylgjast með, taka myndir og gera skráningar af lærdómsferli barnanna, skráningarnar fara svo í persónumöppur barnanna. Leikir sem börnin í Bjarkalundi vinna með eru margvíslegir og ber þá helst að nefna kubbaleikir, hlutverkaleikir, ærsla- og hlaupaleikir á útisvæði, hefðbundnir og skipulagðir leikir af kennara í íþróttasal. Við leitum leiða og lausna til þess að hafa umhverfi barnanna hvetjandi og styðjandi sem hentar aldri og þroska barnanna hverju sinni.

### 3.3.2 Sérfræðiþjónusta

Sérkennsla í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 2008, reglugerð um sérfræðiþjónustu í leikskólum nr. 584/2010 og starfsreglum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Markmið sérkennslu í leikskólum er að tryggja að börn fái notið leikskóladvalar sinnar og fái fjölbreytilega kennslu sem taki mið af ólíkum þörfum hvers og eins barns. Sérkennslustjóri Bjarkalundar hefur umsjón með sérkennslu og sér um skipulagningu, framkvæmd og endurmat, í samráði við skólastjórnendur, deildarstjóra og aðra starfsmenn sem koma að sérkennslu barna sem hljóta sérstuðnings í starfi leikskólans. Sérkennslustjóri er í samskiptum við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa ásamt deildarstjóra viðkomandi barns ef frávík eru í þroska barna, grunur er um frávík eða ef þörf er á stuðningi og sérúrræðum.

Ýmsir skimunar- og skráningarlistar eru notaðir til þess að kortleggja færni og þroska barna. Helst má nefna eftirtalda lista:

- TRAS (málþroski, framburður og leik- og samskiptafærni barna)
- Orðaskil (orðaforði og setningamyndun)
- Hljóm-2 (hljóðkerfisvitund barna á síðasta ári í leikskólans)
- AEPS (mat á almennum þroska barna)
- Getur/getur ekki listi (málþroski og undanfari máls)

---

### 3.3.1 Brúin

Hafnarfjarðarbær hefur þróað verklag með það að markmiði að samþætta þjónustu og efla stuðning við börn í leik- og grunnskólum. Verklagið felur í sér samvinnu sérfræðinga af mennta- og lýðheilsusviði og af fjölskyldu- og barnamálasviði og leggur áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á fyrri stigum. Þetta verklag er í takt við ný farsældarlög sem sveitarfélögum er ætlað að innleiða á næstu árum. Í brúarteymi Bjarkalundar sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri auk tveggja ráðgjafa, annars vegar frá mennta- og lýðheilsusviði og hins vegar frá fjölskyldu- og barnamálasviði. Deildarstjóri situr fundi með teyminu þegar fjallað er um málefni barna á deild viðkomandi deildarstjóra. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barna og leita sameiginlegra lausna til stuðnings þeirra og fjölskyldu þeirra. Brúarteymi fjallar um nám, hegðun, þroska og/eða líðan barna með samþykki foreldra og viðunandi úrræði eru svo virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barna. Dæmi um úrræði er að vísa börnum til talmeinafræðings vegna gruns um frávík í málþroska, til sálfræðings vegna mats á þroska eða óska ráðgjafa sem aðstoðar foreldra og forráðamenn með uppeldishlutverkið.

### 3.4 Snemmtæk íhlutun

Á fyrsta starfsári leikskólans hóf leikskólinn vinnu við þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun undir leiðsögn Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. Markmiðið með þróunarverkefninu var að setja saman verkferla um hvernig unnið væri með snemmtæka íhlutun, með áherslu á læsi og skólafærni. Starfsmannahópurinn lauk við verkefnið skólaárið 2018-2019.

Snemmtæk íhlutun vísar til þess að gripið sé inn í eins fljótt og hægt er þegar áhyggjur af þroskaframvindu barns vakna. Mikilvægt er að leitast við að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum þegar grunur er um frávík. Þessar aðgerðir geta falið í sér að barn sé örvað, til dæmis er varðar málþroska eða almennan þroska.

Verkferlar sem settir eru fram í þróunarverkefni eru byggðir á læsisstefnu Hafnarfjarðar, *Lestur er lífsins leikur*. Hér má lesa læsisstefnuna <https://hafnarfjordur.is/lestur-er-lifsins-leikur/>

---

Í Bjarkalundi er skólaferni barna hluti af nálgun okkar í tengslum við snemmtæka íhlutun. Til þess að styðja við skólaferni barna eru nýttar aðferðir SMT og Bínureglurnar eru hafðar til hliðsjónar fyrir börn á tveimur yngstu deildum leikskólans. Áður en leikskólinn var opnaður hófu stjórnendur hans undirbúning að innleiðingu SMT í samvinnu við Elísu R. Ingólfssdóttur ráðgjafa og stýrði hún innleiðingunni næstu árin. Stofnað var SMT teymi sem fundaði hálfsmánaðarlega fyrstu þrjú starfsár skólans. SMT skólaferni hentar einna helst börnum frá þriggja ára aldri og því var ákveðið að nota boðskiptareglur Bínu með yngri börnum leikskólans. Bína er sögupersóna í bókum eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing.

Markmiðið með því að vinna með skólaferni er að styrkja jákvæða hegðun barna og draga þannig úr tíðni óæskilegrar hegðunar. Ýmsar leiðir eru nýttar til þess, t.d. hvatning og hrós og að börnum séu gefin skýr fyrirmæli. Áhersla er lögð á að börn þekki hvaða reglur gilda á hverju svæði innan skólans og eru þær markvisst kenndar í samveru, ýmist SMT reglur eða Bínureglur eftir aldri og getu barnanna.

## **4 Grunnþættir menntunar**

Í Aðalnámskrá leikskóla eru settir fram sex þættir menntunar og skólustarfs og eiga þeir sér stoð í löggjöf, reglugerðum, alþjóðlegum samningum og annarri stefnumótun um menntun barna.

### **4.1 Læsi**

Læsi skipar stóran sess í leikskólastarfinu. Leikur barna í leikskóla styður á fjölbreyttan hátt við læsi og samskipti. Í leik læra börn að skiptast á og spyrja spurninga og segja frá, en þessir þættir eru allir mikilvægir og ættu að vera meginnálgunin í læsisstarfi innan skólans. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfið sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

---

#### 4. 1. 1 læsi í leikskólastarfinu

Unnið er með læsi með fjölbreyttum hætti í Bjarkalundi. Helst má nefna:

- Í samverum er meginmarkmið að efla læsi og vinna með boðskipti: Þá eru lesnar bækur, börnum sagðar sögur bæði munnlega og á loðtöflum ásamt því að farið er með þulur og söngvar sungnir.
- Hlustað er á sögur í hvíld á eldri deildum.
- Unnið er með máhljóð og efnið *Lubbi finnur málbein* er gjarnan nýtt til þess.
- Nokkur orðaforðapemu eru yfir skólaárið og eru þau tengd við árstíðir, m.a. jólin, páska og þorrann.
- Lestur bóka og gott aðgengi barna að bókum. Miðað er að því að lesið sé minnst einu sinni á dag fyrir börnin. Á deildum eru ávallt bækur svo börnin geti sest niður, flett bókum og átt rólega stund.
- Söngvar.
- Unnið markvisst með hljóðkerfisvitund, t.d. með því að ríma og klappa atkvæði.
- Til þess að ýta undir skilning barna og samskipti þeirra við aðra er notast við sjónrænar vísbendingar og myndrænan stuðning.

Skólaárið 2023-2024 var farið yfir áherslur í læsismálum í Bjarkalundi. Stofnað var læsisteymi sem samanstóð af fimm starfsmönnum þvert á deildir, en áður höfðu verkefni tengd læsi barna einna helst verið í höndum stjórnendateymisins. Meginverkefni nýja læsisteymisins eru að setja saman mánaðaráætlanir þar sem koma fram máhljóð sem vinna á með, orð mánaðarins, þulur og söngvar sem kenna á börnunum og fleira sem tengist málörvun og læsi almennt.

#### 4. 2 Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því nemendur að þekki, skilji og virði náttúruna. Mikilvægt er að börnin séu forvitin um náttúruna og geti kannað og leikið sér í nærumhverfi sínu. Í leikskólum eiga börn að fræðast um umhverfi sitt og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni ásamt því að fá tækifæri til þess að njóta sín í samspili við náttúruna (Aðalnámskrá, 2011)

---

#### 4. 2. 1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Áhersla í vinnu með sjálfbærni er á að börnin læri að hugsa vel umhverfi sitt. Við erum sífellt að finna nýjar leiðir til þess að börnin séu virkir þátttakendur í sjálfbærni. Til að mynda fara börnin með kennurum út að losa og flokka rusl og gera sér reglulegar ferðir í grenndargáma. Við reynum eftir fremsta megni að kaupa inn lífræn efni sbr. hreinsiefni og sem umhverfisvænastan efnivið. Farið er í vettvangsferðir um nágrennið og tínt upp rusl. Leitast er við að nýta endurnýttan efnivið í sköpun og listastarfi með börnum.

#### 4. 3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og þarf það að efla heilbrigði og að stuðla að velferð og vellíðan barna að vera hornsteinn leikskólastarfsins.

Leikskólum ber að leggja áherslu á hreyfingu barna. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan. Börn læra að skynja líkama sinn, samhæfingu, jafnvægi og ná betri stjórn á hreyfingum sínum með skipulagðri og reglulegri hreyfingu. Útivera er stór þáttur leikskólastarfsins, þar komast börnin í snertingu við náttúruna og læra inn á nærumhverfi sitt. Leikvellir leikskóla eiga að vera vel til þess fallnir til allskyns hreyfileikja bæði sjálfsprottinna og skipulagðra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

##### 4. 3. 1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu

Í Bjarkalundi stuðlum við að heilbrigði og velferð barna með eftirtöldum hætti:

- Dagleg útivera er mikilvægur þáttur í leikskólanum þar sem börnin hafa tækifæri til þess að efla fín- og grófhreyfingar sínar.
- Vikulega fara öll börn í íþróttasal leikskólans og unnið er markvisst með hreyfifærni þeirra.
- Reglulegar vettvangsferðir og gönguferðir.
- Í leikskólanum erum við með matstofu, þar læra börnin að skammta sér sjálf, læra á eigin magamál, eru hvött til þess að smakka allan mat ásamt því að þau fá þann tíma sem þau þurfa til þess að borða matinn. Leitast er við að hafa umhverfi og andrúmsloft í matstofunni á rólegum nótum og passað upp á að ekki séu of mörg börn í einu í matstofunni. Alla jafna eru dúkar og blóm lögð á borðið og reynum eftir fremsta megni að hafa matstofuna heimilislega og notalega. Við teljum mikilvægt að börnin fái tækifæri til þess að eiga rólega stund

---

á meðan þau matast og að umhverfið sé í takt við þarfir þeirra. Nálgun okkar þegar kemur að matmálstímum barna til þess fallin að stuðla að vellíðan og heilsuefningu barna.

- Við leitum leiða til að virkja öll börn til þátttöku í leikskólastarfinu. Ef börnin eru virkir þátttakendur í starfinu og fá viðfangsefni sem hæfa þroska þeirra og getu líður þeim alla jafna vel.

#### **4.4 Lýðræði og mannréttindi**

Mikilvægt er að börn læri um lýðræðisleg samfélög í leikskólastarfinu en einnig þarf að taka mið af því að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins barns (Aðalnámskrá, 2011). Leikur er mikilvægur þáttur þegar kemur að mannréttindum og lýðræði og kveður barnasáttmálinn á um það að öll börn hafi rétt til þess að leika sér (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Þegar leikumhverfi er skipulagt þarf að taka mið af þörfum, áhuga og bakgrunni barna og því að þau séu öll virkir og mikilvægir þátttakendur í leikskólastarfinu.

##### **4.4.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfinu**

Vinnulag okkar í matstofu styður vel við mannréttindi barna, þar hafa þau val um hvað þau velja sér á diskinn, hvar þau sitja og hversu löngum tíma þau verja til að matast. Í stöðvavinnu og flæði er leitast við að bjóða viðfangsefni sem börnin hafa áhuga á og getu til að fást við. Þau hafa val um hversu löngum tíma þau verja við leik á ákveðnum svæðum. Lýðræði birtist einna helst í því hvaða uppbrot þau velja sér í skólastarfinu til að mynda er kosið um hvernig SMT veislur erru.

##### **4.4.2 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

Barnasáttmálinn samanstendur af 54 greinum sem kveða á um réttindi barna. Þegar unnið er með mannréttindi og lýðræði í skólastarfinu tókum við mið að þessum greinum. Árið 2019 undirrituðu UNICEF á Íslandi og Hafnarfjarðarbær samstarfssamning. Með samningnum hóf Hafnarfjarðarbær vinnu við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnir bæjarfélagið á að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag.

Barnvænt sveitarfélag er verkefni sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem hefur verið innleitt í þúsundum sveitarfélaga um allan heim síðan árið 1996.

---

Innleiðing Barnasáttmálans inn í sveitarfélagið, ásamt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, er hluti af heildarstefnu Hafnarfjarðar sem gildir til ársins 2035. Í stefnunni er lögð áhersla á að viðmið Barnasáttmálans séu notuð í þjónustu við börn og ungmenni.

Innleiðing Barnasáttmálans felur í sér samþykki sveitarfélagsins til að hafa sáttmálann að leiðarljósi í starfi sínu og að grunnþættirnir fimm gangi sem rauður þráður í gegnum stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Barnvæn sveitarfélög stuðla að virkri þátttöku barna í málefnum sem snerta þau og eiga sveitarfélögin markvisst samráð við börn og ungmenni til að bæta þjónustu sína. Barnvæn sveitarfélög byggja á fimm grunnþáttum sem allir tengjast réttindum barna.

- Þekking á réttindum barna.
- Því sem barni er fyrir bestu.
- Jafnræði – að horft sé til réttinda barna.
- Þátttöku barna.
- Barnvænni nálgun.

(Tekið af heimasíðu Hafnarfjarðar -

<https://hafnarfjordur.is/stjornsysla/stjornkerfi/barnvaent-sveitarfelag/>)

Í daglegu starfi leikskólans er barnsáttmálinn hafður að leiðarljósi og leitast er við að vinna markvisst með þessa fimm grunnþætti.

#### **4.5 Sköpun**

Í sköpun felst að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með efnivið og leikefni á margvíslegan hátt (Aðalnámskrá, 2011).

Í leiksaðstæðum er sköpun stór hluti af tjáningarformi barna. Þau endurskapa það sem þau hafa upplifað þannig það verður til nýr veruleiki.

Ýmsar útfærslur er á sköpun en mikilvægast er að börnin fái verkefni sem vekja forvitni og ánægju. (Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk, 2024)

Leikskólum ber að sjá börn fyrir fjölbreyttum og opnum efnivið til sköpunar.



---

#### 4. 5. 1 Sköpun í leikskólastarfi

Í leikskólanum höfum við Remidu í kjallara leikskólans. Þar geta börn og fjölskyldur þeirra ásamt starfsmönnum komið með endurnýtanlegan efnivið sem notaður er í skapandi starfi með börnunum. Í skapandi starfi er athygli fyrst og fremst beint að ferli barnsins og því námi sem á sér stað fremur en afurð sköpunarinnar. Haldið er utan um ferli barnanna með uppeldislegum skráningum sem safnað er saman í persónumöppu sem hvert og eitt barn í leikskólanum á.

### 5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla fléttast saman í samþættu og skapandi leikskólastarfi. Leikurinn er grundvallarþáttur að öllu skólastarfi leikskólans. Börn þurfa að fá tækifæri til þess að læra í samskiptum og samvinnu við önnur börn og fullorðna.

Námssvið leikskólans eru: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.*

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eiga námssvið leikskólans að:

- Vera hluti af leik barna.
- Vera samþætt daglegu starfi leikskóla.
- Vera heildstæð og byggjast á reynslu barna.
- Byggjast á áhuga barna og hugmyndum.
- Taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms.
- Vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna.
- Hvetja til samvinnu og samstarfs.
  - Stuðla að sjálfstæði og frumkvæði.
- Hvetja til ímyndunar og sköpunar.
- Vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana.
- Vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna.
- Efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni.
  - Stuðla að sterkri sjálfsmynd og sjálfsþekkingu.
  - Stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

---

## 6 Sumarstarf

Frá miðjum júní og fram í ágúst er sumarstarf í leikskólanum. Á þessum tíma taka faglærðir kennarar, aðrir starfsmenn og börn út sitt sumarorlof. Því má ætla að starfið í leikskólanum sé með óhefðbundnara sniði en vanalegt er. Sumarstarfið er ávallt skipulagt með hagsmuni barna að leiðarljósi og reyndir kennarar sem þekkja til barnanna eru við störf hverju sinni. Á sumrin er leikurinn að miklu leyti færður út og útikennsla meira nýtt þar sem leikefniviðurinn er færður út á palla og lóð leikskólans en einnig er farið í auknum mæli í vettvangsferðir þar sem nærumhverfi og bærinn okkar skoðaður. Við reynum eftir fremsta megni að hafa skipulag leikskóladagsins eins uppsett og börnin eiga að venjast yfir veturinn. Meiri áhersla er á leikinn fremur en skipulagt starf tengt ákveðnum námsþáttum. Þegar vel viðrar er matartíminn færður út og sérstaklega er nónhressingin oft á tíðum snædd utandyra.

---

## 7 Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

### 7.1 Foreldrasamtöl

Foreldrar þekkja börnin sín best og geta því stutt við nám og skólagöngu þeirra með því að veita kennurum þeirra mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Í Bjarkalundi er öllum foreldrum boðið í samtöl einu sinni á skólaári. Þar gefst starfsfólki og foreldrum tækifæri til að ræða saman um þroska og færni barns sem og líðan og hegðun barnsins heima og í leikskólanum. Foreldrar geta að auki ávallt óskað eftir samtali við kennara ef þörf er.

### 7.2 Samskipti heimilis og skóla

Foreldrar bera ábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum. Starfsfólk leikskólans er sveigjanlegt í samskiptum og kemur til móts við óskir foreldra eins og unnt er. Mikilvægt er að upplýsingarflæði frá leikskólanum sé gott til að foreldrar geti fylgst með því sem þar fer fram og hvað barnið þeirra er að gera hverju sinni.

### 7.3 Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla og upplifun fyrir barnið og foreldra/forráðamenn þess. Foreldrum er boðið í samtal hjá deildarstjóra og skólastjórnanda áður en barn þeirra byrjar í leikskólanum og þá fá foreldrar að skoða leikskólann ásamt því að hægt er að miðla upplýsingum milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að góð samvinna eigi sér stað frá byrjun milli foreldra/forráðamanna og kennara. Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnast deildinni sinni, umhverfinu, kennurum og barnahópnum. Aðlögun er mikilvægur þáttur í upphafi leikskólagöngu. Í Bjarkalundi er notast við aðferð sem nefnd er þátttökuaðlögun. Í slíkri nálgun er lögð áhersla á samvinnu milli heimilis og leikskóla. Barnið lærir að vera í nýjum aðstæðum, foreldrar/forráðamenn fá tækifæri til að kynnast starfinu og verða öryggir í umhverfinu en með öryggi foreldra/forráðamanna öðlast börn líka öryggi í nýju umhverfi. Einnig getur orðið tenging innan foreldrahópsins sem er með börnin sín í aðlögun á sama tíma. Aðferðin byggist á því, að ekki er verið að

---

venja barn við það að vera skilið eftir í leikskólanum heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum (foreldrahandbók Bjarkalundar 2022)

#### **7.4 Foreldraráð – Foreldrafélag**

Foreldraráð byggir á reglugerð/lögum um leikskóla. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að það sé skipað. Foreldrafélag er með umsjón yfir skipulagningu á jólaföndri og sumarhátíð og kemur einnig að kostnaði við jólaskemmtun og útskriftaferð elstu barnanna.

Í leikskólanum Bjarkalundi hafa foreldraráð og foreldrafélag verið samrekin og eru sömu fulltrúar í þeim báðum sem skipta með sé hlutverkum og umsjón verkefna. Stjórnendur leikskólans funda reglulega með foreldrum í foreldraráði og foreldrafélagi ásamt því að eiga í reglulegum samskiptum þegar kemur að skipulagningu þessara uppbrotsdaga.

### **8 Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli.“ (Aðalnámskrá leikskóla 20).

Í Bjarkalundi höfum við frá stofnun skólans reynt að tengja leikskólastigið og grunnskólastigið saman með eftirtöldum þáttum:

- Skólaheimsóknir: Börn á síðasta ári í leikskóla heimsækja grunnskóla í hverfinu.
- Lestur miðstigsbarna: Börn á miðstigi grunnskóla hverfisins hafa heimsótt leikskólabörnin og lesið fyrir þau.
- Vettvangsferðir til þess að kynnast umhverfi grunnskólanna og nærumhverfi þeirra.

- 
- Samtal við kennara/stjórnendur og/eða heimsóknir í alla grunnskóla sem börn frá Bjarkalundi fara í.
  - Skólaskil: Í samstarfi við foreldra veitum við í leikskólanum upplýsingar um náms- og þroskastöðu barna. Markmið þess er að stuðla að samfellu í námi barna og stuðningi við þau.

## 9 Mat og eftirlit

Mat er órjúfanlegur þáttur í námi og skólastarfi barna á öllum aldri. Þetta mat skiptist í námsmat, s.s. mat á árangri og framförum barna, og í mat á skólastarfinu sjálfu.

Mat á skólastarfi er hluti af í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og fræðsluyfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaþróun. Markmið mats og eftirlits er þrenns konar. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við lög, reglugerða, aðalnámskrá og opinberar stefnur. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þjónusta við þá sé í samræmi við lög. Í þriðja lagi að afla og skrásetja upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun starfshátta. (Aðalnámskrá 2011)

### 9.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Ytra mat vísar til þess að aðilar utan leikskólans framkvæmi mat eða úttekt á starfi og/eða aðbúnaði í húsnæði skólans og skólalóð.

Árlega er gerð úttekt á útisvæði leikskólans. Einnig fáum við úttekt frá heilbrigðiseftirlitinu varðandi aðbúnað barna og starfsfólks. Út frá þessum úttektum er gerð umbótaáætlun ef einhverju er ábótavant.

### 9.2 Innra mat á leikskólastarfi

Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.

#### 9.2.1 Mat barna

Börnin eru helstu hagsmunaraðilar leikskólastarfsins og mikilvægt er að þeirra sjónarmið séu hluti af innra mati leikskólans. Stefnan er að þau meti hluta starfsins

---

einu sinni á önn. Dæmi um matsþætti sem lagðir eru fyrir börnin eru leikefni, leiksvæði, útisvæði, matstofan okkar og íþróttastundir.

### **9. 2. 2 Mat starfsmanna leikskólanna**

Starfsfólk leikskólans metur starfið reglulega og með fjölbreyttum hætti. Matið er einkum þríþætt:

- Mat á framförum, þroska og árangri barna. Til að meta þessa þætti er stuðst við uppeldisfræðilegar skráningar sem safnað er í ferilmöppu hvers barns og reglubundnar skimanir og athuganir á þroska og getu barna.
- Endurmat á viðburðum, áherslum í starfinu, skipulagi og verklagi. Þetta mat er að miklu leyti framkvæmt á deildarfundum, deildarstjórafundur og starfsmannafundum.
- Vinnustaðagreining er framkvæmd einu sinni á ári meðal starfsmanna. Niðurstöður hennar varpa m.a. ljósi á faglega þætti starfs leikskólans sem og þætti tengda starfsanda og líðan fólks í starfi.

### **9. 2. 3 Mat foreldra**

Foreldrakönnun er lögð fyrir annað hvert ár. Könnunin er rafræn og fá stjórnendur niðurstöður hennar sem eru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Könnunin tekur m.a. til námslegra þátta, skipulags leikskólastarfsins og líðan barna í leikskólanum.

---

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla 2011 /2011.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010

Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björg Mörk. (2024). Handbók um leik barna í leikskólum. Menntamálastofnun.